

hún var skrifuð. Það er únítarískt að bera blak af þeim sem verða fyrir ofsókn og álygum að ósekju. En það er einhver önnur stefna ráðandi þegar vörnin gengur fram í tötrum mannlasts og fáryrða.

Þátt þann er barnakennarnir frá Saskatchewan áttu í deilum þessum leiðum vér hjá oss að athuga, því hann er sorglegur spegill skólamentunarinnar hér í bænum og eins og ítrekun spurningarinnar: „Mun ei glappaskot gera . . . þeir sem barnsvitið bera út á kenningar klakann“. Það atti að vera í bann fært í allri kristninni að *bera út börn*. Fyrst vegna barnanna sjáltra og svo vegna þeirra er á *holtaþokuvælið* verða að hlusta.

Ög rétt nú í svipinu berast oss tvær nýar ritgjörðir enn um þetta mál. Önnur eftir Albert Kristjánsson í Baldri, en hin í Breiðabliki eftir ritstjórnann. Báðar eru heldur vel samdar og þó sérstaklega sú fyrri, er bendir mönnum til baka aftur að málefninu óbeinlínis.

Þó er ritstjórnargreinin í Breiðabliki dálítið skritin. Ritstjórinn vandar um ritháttinn á blöðunum í sambandi við þetta mál, og kallar hann „herfilegan“. Sjálfur leyfir hann sér þó að fara ærumeiðandi orðum um S. B. Benediktsson og krukkar á ný í hina margbannungnu kvæðabók hans. Ekki hefði úr vegi verið að honum hefði dottið fyrir í hug orð þessa „háskólameistara“, er hann tilfærir í ræðulok, ef ske mætti hann hefði getað haldið til baka reiði sinni til Sigfúsar fyrir ritdóm hans um Breiðablik, og lært að stilla orð sín betur. Þessi saga um skólameistarann er annars nokkuð sérkennileg dæmisaga um „vestur-íslenzka menning“.

Hver er skólastjórinn og hverjir eru piltarnir? „Þýð þú fyrir oss þessa dæmisögu?“

Margir munu ráða í hvað hér sé átt við, þar sem ritstj. sjálfur setur söguna í samband við blaðadeilurnar, og þar sem hann minnir á það að „vér þurfum að láta oss þessi dæmi að varnaði verða“, að piltarnir, lærisveinar skólameistarans(?) sem í rifrildi eru, sé þeir séra Jón og Baldwin, en skólameistarinn er hastar á þá sé þá hann sjálfur!

Ekki trúum vér öðru en margur muni kunna illa þessari